

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Fjarðabyggð
Hafnargötu 2
730 Reyðarfjörður

Reykjavík 5.mars 2019
UST201901-129/K.S.J.
10.04.02

Efni: Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2007 - 2027 – breyting – iðnaðar- og hafnarsvæði sunnan Strandgötu

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi á hafnarsvæði Eskifjarðar – Leira 1

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Fjarðabyggðar er barst 18. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Fjarðabyggðar á iðnaðar- og hafnarsvæði á Eskifirði og tillögu að breytingu á deiliskipulagi Leira 1.

Í greinargerð kemur fram að þörf er á auknu landrými fyrir hafnsækna starfsemi og að áætluð er ný landfylling alls 18.700 m² og bygging allt að 200 metra langrar viðlegubryggju.

Einnig kemur fram að talið er nauðsynlegt að dýpka við hafnarkantinn og gera leiðigarð til að beina rennsli ána á svæðinu til sjávar fram hjá hafnarkantinum. Við dýpkun við viðlegukantinn er talið að þurfi að taka upp 73.000 m³ og 60.000 m³ af dýpkunarefni. Áætlað er að dýpkunarefnið verði nýtt í nýjar landfyllingar og að auki verði sótt í námur í Reyðarfirði, Skuggahlíð og efni er til fellur við stækkun Mjóeyrarhafnar. Umhverfisstofnun bendir á að reglur gilda um varp í hafið við gerð landfyllinga, hvort sem efnið er af landi eða dýpkunarefni.

Ný landfylling

Þar sem fram kemur í greinargerð að nýta á dýpkunarefni að hluta í landfyllingar bendir Umhverfisstofnun á eftirfarandi: Sumt af því efni (dýpkunarefni) sem tekið er upp getur verið mengað af þungmálmum, þrávirkum lífrænum efnum eða öðrum mengandi efnum. Skv. OSPAR samningnum um verndun hafrýmis Norðaustur Atlantshafsins og 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, er óheimilt að varpa dýpkunarefni í hafið. Eins og fram kemur í umhverfisskýrslu, segir í 9. gr. laganna að Umhverfisstofnun geti veitt leyfi til að m.a. dýpkunarefnum sé varpað í hafið að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar. Árið 2000 setti Hollustuvernd ríkisins (Umhverfisstofnun) fram leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis og voru þær uppfærðar af

Umhverfisstofnun í desember 2016. Á heimasíðu Umhverfisstofnunar eru hinar leiðbeinandi reglur, sjá hér: https://www.ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Haf-og-vatn/Leiðbeinandi%20reglur%20um%20meðferð%20dýpkunarefnis_des2016.pdf

Umhverfisstofnun getur sem sagt, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar]veitt leyfi til að eftirtöldum efnum og hlutum sé varpað í hafið:

- a. dýpkunarefnum,
- b. náttúrulegum, óvirkum efnum, þ.e. föstum jarðefnum sem ekki hafa verið unnin efnafræðilega og samsett eru úr efnum sem ólíklegt er að losni út í hafsvæðið,


Leirur njóta sérstakrar verndar

Eins og fram kemur í umhverfisskýrslu njóta leirur sérstakrar verndar og ber að forðast röskun þeirra. Einnig kemur þar fram að sandmaðkaleirur sem hafa hátt verndargildi eru að finna sunnan til á framkvæmdasvæðinu. Einnig kemur fram að framkvæmdir muni ekki ná til þess svæðis sem er afar mikilvægt að mati Umhverfisstofnunar. Bent er þó á þann möguleika að sandmaðkaleirurnar gætu breyst ef framburður ána færir vestar á svæðið og að þá safnist grófara efni þar fyrir. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að framkvæmdaaðilar komi í veg fyrir að slíkt gerist ef þess er kostur.

Umhverfisstofnun tekur undir það að þeir umhverfisþættir fyrir utan leirur sem einkum eru taldir geta orðið fyrir áhrifum vegna breytinga þ.e. stækkunar á hafnarsvæði með landfyllingu, gerð viðlegukants, dýpkunar og gerð leiðigarðs eru vatnafar og lífríki, landslag, ásýnd og samfélag. Umhverfisstofnun hefur farið yfir umfjöllun um áætluð áhrif á því svæði þar sem landfylling er áformuð. Landfylling er áætluð sem framhald af núverandi landfyllingu og farvegir ána síðasta spölinn til sjávar er nú þegar að mestu manngerðir. Umhverfisstofnun gerir ekki frekari athugasemdir við ofangreinda áætlun.

Beðist er velvirðingar á að langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Axel Benediktsson
Sérfræðingur